1. útgáfa 25.06.2024

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Turtle Wax glerhreinsiklútar**

Vörunúmer: -

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Glerhreinsiklútar

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:

SEAB AB
Box 116
SE-193 23 Sigtuna Svíþjóð
00-46-8-591 490 90
info@seab.se
www.seab.se

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki: Engin.

Viðvörunarorð: Ekkert.

Hættusetningar	EUH208	Inniheldur efnablöndu 5-klór-2-metýl-2H-ísóþíazól-3-on og 2-metýl-2H-ísóþíazól-3-on. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

1-própoxý-própan-2-ól			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**0,25 - 5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	216-372-4	**H-setningar**	-
CAS	1569-01-3	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - **H226**, Augnert. 2 - **H319**			

Efnablanda: 5-klór-2-metýl-2H-ísóþíazól-3-on og 2-metýl-2H-ísóþíazól-3-on			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 0,0015**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	911-418-6	**H-setningar**	-
CAS	55965-84-9	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. - **H301-H310-H330**, Húðæt.1B - **H314,** Húðnæm.1 - **H317**, Augnskað.1 - **H318**, Bráð eit.á vatn 1 - **H400**, Langv.eit.á vatn 1 - **H410**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.

Snerting við húð Hreinsið húð strax vandlega með sápu og vatni (15 mín) . Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni í amk 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis séu einkenni viðvarandi.

Inntaka Skolið munn með nægu vatni. Gefið vatn að drekka.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Snerting við húð Getur valdið ofnæmiseinkennum.

Snerting við augu Snerting getur valdið ertingu í augum.

Inntaka Getur valdið ertingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum. Sýnið öryggisblaðið.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði, kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast eitraðar gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað (EN 469). Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.
Reykið ekki. Notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Gangið ekki í losuðu efni. Notið viðeigandi persónuhlífar.
Notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 8. um persónuhlífar, lið 11. um eiturhrif og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Forðist snertingu víð augu og langvinna snertingu við húð. Reykið ekki.
Fylgið leiðbeiningum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Endurnýtið ekki umbúðir.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum. Reykið ekki.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið augnhlífar, krefjist aðstæður þess (EN 166).

Húð - hendur Mælt er með notkun hanska. (EN 374).
Athugið leiðbeiningar framleiðanda um gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Öndunarfæri Að jafnaði eru öndunarhlífar ekki nauðsynlegar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvamettaðir klútar	
Lykt:	Einkennandi	
pH:	7	
Suðumark:	> 35°C	
Blossamark:	> 93°C	
Eðlismassi við 20°C:	0,975-1,015	g/cm^3
Vatnsleysni:	Leysanlegt	

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við notkun og meðferð við venjulegt hitastig.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Haldið fjarri háu hitastigi og beinu sólarljósi.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Hvarfgjörn oxíð, sterkar sýrur.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: Eitraðar gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Erting	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Alvarlegur augnskaði	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Næming	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Stökkbreytingar kímfrumna	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Krabbamein	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Stökkbreytingar	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Eitrun æxlunarfæra	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Ásvelgingarhætta	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.

1-própoxý-própan-2-ól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>2000	mg/kg		
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	kanína	

Efnablanda: 5-klór-2-metýl-2H-ísóþíazól-3-on og 2-metýl-2H-ísóþíazól-3-on					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	53	mg/kg	rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: A.m.k. eitt innihaldsefna getur haft skaðleg áhrif á umhverfið.

1-própoxý-própan-2-ól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Yfirborðsvirku efnin í þessari vöru standast skilyrði um lífrænt niðurbrot eins og þau eru sett fram í reglugerð EB 648/2004. Niðurstöður sem styðja þessa fullyrðingu eru aðgengilegar fyrir hlutaðeigandi yfirvöld aðildarlandanna óski þau þess, eða ef framleiðandi hreinsiefna óskar þess.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Í vörunni er að finna innihaldsefni sem kunna að safnast upp.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Ísogast auðveldlega í jarðveg.

12.5 PBT/vPvB: Inniheldur ekki slík efni.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Ekki skal gata eða skera í óhreinsaðar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfimur vökvi og gufa
H301	Eitrað við inntöku.
H310	Banvænt í snertingu við húð.
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
H318	Veldur alvarlegum augnskaða.
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H330	Banvænt við innöndun.
H400	Mjög eitrað lífi í vatni.
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
EUH208	Inniheldur efnablöndu 5-klór-2-metýl-2H-ísóþíazól-3-on og 2-metýl-2H-ísóþíazól-3-on. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Útgáfa: 1

Dags: 25.06.2024

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***SEAB AB***
SAEKERHETSDATABLAD
TURTLE WAX GLASS WIPES
Útgáfa: *29.11.2021*